

**Stjórnskipunar og eftirlitsnefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík**

Reykjavík, 03.11.2015.

Efni: Umsögn um 156. mál

Bandalagi íslenskra skáta hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið (notkun fánans við markaðssetningu vöru og þjónustu), 156 mál.

Stjórn Bandalags íslenskra skáta fagnar frumvarpinu og hvetur til þess að það verði samþykkt.

Stjórn Bandalags íslenskra skáta telur að rýmkaðar og einfaldaðar reglur um notkun fánans við markaðssetningu vöru og þjónustu muni stuðla að aukinni og réttari notkun þjóðfánans, en það hefur um árabíl verið mikið áhugamál skátahreyfingarinnar.

f.h. stjórnar BÍS



Júlíus Aðalsteinsson
félagsmálastjóri.



Alþingi
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Málsnr.: 1509288Málalykill: 0.34.9

Reykjavík, 13. apríl 2016.

Efni: Ályktun frá Búnaðarþingi 2016

Tilv. 2016030007

156. mál

Hjálagt er til kynningar ályktun Búnaðarþings 2016 um notkun þjóðfánans. Ályktunin óskast kynnt fyrir þingmönnum sem sitja í nefndinni.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Erna Bjarnadóttir
Erna Bjarnadóttir

Notkun þjóðfánans

Íslenski fáninn hefur sérstakan sess í hugum íslenskra neytenda og árum saman hefur verið unnið að markaðssetningu íslensks grænmetis með sérstakri fánarönd. Búnaðarþing telur mikilvægt að setja skynsamlegan ramma um notkun þjóðfánans við markaðssetningu á vörum og þjónustu en minna jafnframt á að mikil verðmæti felast í fyrrgreindri sérstöðu. Þingið varar við því að setja lög um notkun fánans þar sem þessari sérstöðu er kastað fyrir róða og vara við því að erlend landbúnaðarframleiðsla verði lögð að jöfnu við íslenska þegar kemur að reglusetningu um notkun íslenska fánans við markaðssetningu. Skýrar og sanngjarnar reglur um notkun fánans eru sameiginlegt hagsmunamál bænda og neytenda.

Nefndasvið Alþingis

Sent rafrænt á netfangið: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 5. nóvember 2015

Tilvísun ELS: 0.1. SKR 055

Efni: Umsögn Einkaleyfastofunnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið nr. 34/1944, með síðari breytingum, (notkun fánans við markaðssetningu á vöru og þjónustu), þskj. 156, 156. mál á 145. löggjafarþingi.

Vísað er til tölvupósts dags. 20. október sl., þar sem Einkaleyfastofunni er boðið að veita umsögn um ofangreint lagafrumvarp fyrir 5. nóvember 2015.

Einkaleyfastofan telur rétt að áréttta nokkrar athugasemdir sem gerðar voru við það frumvarp sem lagt var fram á síðasta þingi, sbr. þskj. 1159, 685. mál.

Orðið „vörumerki“

Einkaleyfastofan fagnar því að hugtakið „merki“ skuli notað í upphafi ákvæðisins og taki þar með bæði til vörumerkja, sbr. lög nr. 45/1997 um vörumerki (vml.) og félagamerkja, sbr. lög nr. 155/2002 um félagamerki (fml.). Til þess að gæta samræmis telur stofnunin þó rétt að nota jafnframt hugtakið „merki“ í stað „vörumerki“ á öðrum stöðum í ákvæðinu, þ.e. í 3., 4. og 6. málslíð.

7. málslíður 4. mgr.: „Óheimilt er að nota fánann í firmamerki“

Einkaleyfastofan ítrekar áður komið sjónarmið um að ekki sé samræmi milli upphafs og endis ákvæðisins, þar sem í upphafi er tekið fram að heimilt sé að nota merki í tengslum við þjónustu/starfsemi, en í lok ákvæðisins að óheimilt sé að nota fánann í firmamerki og færir fyrir því nánari rök.

Í upphafi ákvæðisins er áhersla lögð á að heimilt verði „að nota hinn almenna þjóðfána í merki, sbr. þó 2. mgr., eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vöru eða þjónustu sé vara eða starfsemi“ sú sem í hlut á íslensk að uppruna og fánanum ekki óvirkðing gerð.“ Ákvæðið tekur, að öðru leyti að meginstefnu til aðeins til vara. Í 7. málslíð er tekið fram að ekki megi nota fánann í firmamerki. Athugasemdir Einkaleyfastofunnar verða til nánari skýringa flokkaðar í a) og b) hluta.

a) Einkaleyfastofan tekur fram að hugsanlega þurfi aðeins að skoða hugtakanotkun í tengslum við 7. málslíð. Reglur um skráningu á *firmaheitum* (firma) er að finna í lögum nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð. Slík heiti eru nöfn eða heiti fyrirtækja sem skráð eru í Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra. *Firmamerki* eru hins vegar, samkvæmt skilgreiningu

Einkaleyfastofunnar, merki (orðmerki, orð- og myndmerki/logo) sem eru heiti fyrirtækja, ýmist notuð eða skráð sem vöru- eða félagamerki. Einkaleyfastofunni ber við rannsókn umsókna um skráningu merkja, samkvæmt 4. tl. 1. mgr. 14. gr. vml., að synja umsókn ef til staðar er hætta á ruglingi við skráð firmaheiti. Firmamerki eru að öðru leyti skráningarhæf í öllum vöru- eða þjónustuflokkum, uppfylli þau skilyrði vöru- eða félagamerkjalaga.

Eðlilegt þykir að útiloka notkun þjóðfánans í firmaheitum sem skráð eru hjá Fyrirtækjaskrá, enda aðeins unnt að skrá orðmerki í þá skrá. Ef ætlunin er aðeins að útiloka notkun fánans í skráningu slíkra merkja telur Einkaleyfastofan réttara að nota hugtakið *firmaheiti*.

b) Ef ætlunin er að útiloka notkun fánans í firmamerkjum, hvort sem um er að ræða heiti fyrirtækja sem eru notuð, skráð í Fyrirtækjaskrá eða skráð sem vöru- eða félagamerki gerir Einkaleyfastofan eftirfarandi athugasemdir:

Vöru- og félagamerki sem unnt er að skrá hjá Einkaleyfastofunni, einkum í þjónustuflokkum 35-45 samkvæmt NICE samningum um alþjóðlega flokkun vöru og þjónustu vegna skráningar vörumerkja, sbr. 16. gr. vml., eru iðulega einnig firmamerki, þ.e. nöfn fyrirtækja, þó það sé ekki algilt. Til nánari skýringa má nefna að merkið MAREL (orðmerki), sbr. skráning nr. 1574/2012, er skráð í vörumerkjaskrá annars vegar fyrir vörur í flokkum 7 og 9 og hins vegar fyrir þjónustu í flokkum 35, 37 og 42. Merkið MAREL er því bæði skráð og (að öllum líkindum notað) fyrir bæði vörur og þjónustu og sem firmamerki, enda er firmaheitið einnig skráð í Fyrirtækjaskrá.

Ef óheimilt verður að *nota* fánann í firmamerki þarf að vera skýrt að heimild 1. málsliðar nái aðeins til þeirra merkja sem notuð eru fyrir þjónustu/starfsemi og eru ekki jafnframt firmamerki/heiti fyrirtækis. Rétt væri því e.t.v. að flytja efni 7. tl. í 1. málslið eða tilgreina efni hans strax á eftir í 2. málslið. Það leysir þó að mati Einkaleyfastofunnar ekki allan þann vanda sem orðalag 7. málsliðar skapar.

Ef óskað er eftir *skráningu* merkja sem innihalda þjóðfánann, þarf umsókn um samþykki fyrst að berast Neytendastofu (eða Einkaleyfastofan að beina því til umsækjanda um skráningu merkis að sækja um leyfi stofnunarinnar), sbr. 6. málslið ákvæðisins. Til þess að gæta samræmis við reglur um notkun, eigi 7. tl. að haldast óbreyttur eða efni hans að flytjast til sbr. ofangreint, er nauðsynlegt, til þess að skráning í vörumerkjaskrá verði rétt, að í þeim reglum sem Neytendastofa fer eftir, komi skýrt fram að tilgangur skráningar skuli koma fram í umsókn, þ.e. hvort sótt er um fyrir vöru eða þjónustu. Þá þarf einnig að taka fram hvort ætlunin er að nota umrætt merki einnig sem firmamerki ef óskað er eftir skráningu í þjónustuflokkum NICE samningsins. Neytendastofa mun í slíkum tilvikum þurfa að yfirfara þjónustulýsingu, meta hvort hugsanlegt er að merkið verði notað sem firmamerki og taka ákvörðun út frá þeirri lýsingu á þjónustu sem til staðar er. Nauðsynlegt er því að útfæra þetta ferli nánar, en í þessari stöðu væri e.t.v. réttast að reglur útilokuðu með öllu vernd merkja sem innihalda þjóðfánann í öllum þjónustuflokkum NICE samningsins.

Til nánari skýringar á þeim vanda sem skapast getur standi 7. tl. að efni til óbreyttur, er dæmið hér að framan um skráningu Marel tekið skrefi lengra:

Óski Marel eftir því að skrá orðið Marel eða útfærslu á orðinu ásamt þjóðfánanum í vörumerkjaskrá mun fyrirtækið leita til Neytendastofu eftir samþykki. Með hliðsjón af 7. málslið þarf Neytendastofa vera upplýst um tilgang slíkrar skráningar sem og um þá flokka sem

ætlunin er að skrá merkið fyrir hjá Einkaleyfastofunni. Ef skráningin er fyrir vörur, s.s. flokka 7 og 9 ætti slík skráning að vera í lagi skv. 1. málslíð sbr. 7. málslíð. Ef á hinn bóginn óskað er eftir að skrá merkið í þjónustuflokkum, s.s. 35, 37 og 42, þarf Neytendastofa að skoða hvort tilgreining á þjónustu í þeim flokkum er með þeim hætti að merkið verði í raun skráð/verndað/notað sem firmamerki, þ.e. meta merkið með hliðsjón af þeirri þjónustu sem tilgreind er.

Í ákvörðun þarf að koma skýrt fram hvort heimilt eða óheimilt verður að nota orðið Marel ásamt þjóðfánanum fyrir alla tilgreinda þjónustu eða aðeins hluta hennar og/eða taka fram að skráning/notkun slíks merkis sem firmamerki sé óheimil.

Eftir ákvörðun Neytendastofu tekur Einkaleyfastofan við og rannsakar skráningarhæfi merkisins. Ef ekki er skýrt til hvaða vöru/þjónustu samþykki fyrir notkun fánans í merkinu tekur er hætta á því, ef merkið uppfyllir allar kröfur um skráningarhæfi, að verndarumfang skráningarinnar verði of víðtækt.

Af framangreindu er ljóst að sú skýring sem nefnd er í athugasemdum við frumvarpið um að ólíku sé saman að jafna stenst ekki. Að mati Einkaleyfastofunnar þarf því annað hvort að skoða hugtakanotkun, hugsanlega með frekari útfærslu á tilgangi málslíðarins, útfæra efni hans og þær reglur sem reyna mun á í tengslum við hann mun nánar eða það sem hugsanlega væri einfaldast, fella hann brott, enda er skýrt misræmi milli þess að nota megi fánann í tengslum við þjónustu/starfsemi en ekki í firmamerki.

Að öðru leyti vísar Einkaleyfastofan til fyrri athugasemda um þetta atriði í 4. lið athugasemda á bls. 2-3 í umsögn stofnunarinnar þann 12. maí 2015.


3. B-liður frumvarpsins – málsmeðferð Neytendastofu o.fl.

Með hliðsjón af framangreindum athugasemdum undir lið 2 telur Einkaleyfastofan að útfæra þurfi sérstaklega reglur í tengslum við bann við notkun fánans í firmamerkjum eigi efni 7. t.l. að haldast óbreytt. Nauðsynlegt er að höfð verði hliðsjón af reglum vöru- og félagamerkjalaga um skráningarhæfi merkja og flokkun þeirra í vöru- og þjónustuflokka samkvæmt NICE samningum um alþjóðlega flokkun vöru og þjónustu vegna skráningar vörumerkja, með síðari breytingum.

Einkaleyfastofan vísar að öðru leyti til fyrri umsagna stofnunarinnar, einkum frá 12. maí 2015. Einkaleyfastofan áréttar mikilvægi þess að til staðar verði ferli og nánar tilgreind skilyrði vegna leyfisveitingar eins fljótt og unnt er. Einkaleyfastofan getur sett umsóknir á bið ef samþykkis fyrir notkun þjóðfánans í vörumerki er beðið en umsóknargjöld eru ekki endurgreidd fáist slíkt leyfi ekki.

Að öðru leyti en því sem að framan er rakið styður Einkaleyfastofan verðandi breytingar á 12. gr. laga nr. 34/1944 og er reiðubúin að skýra einstök atriði frekar gerist þess þörf.

Virðingarfyllst,
f.h. Einkaleyfastofunnar


Margrét Hjálmsdóttir
yfirlögfræðingur

Nefndasvið Alþingis
b.t. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið (notkun fánans við markaðssetningu á vöru og þjónustu), 156. mál.


Þann 22. október 2015 óskaði stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis eftir umsögn Félags atvinnurekenda (FA) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið nr. 34/1944, með síðari breytingu (notkun fánans við markaðssetningu á vöru og þjónustu) sem lagt var fyrir þingið þann 23. september 2015, sbr. þingskjal nr. 156.

Frumvarpið er endurflutt frá síðasta þingi en það er í grunninn byggt á þingmannafrumvarpi sem flutt var á 143. gr. löggjafarþingi, sbr. 13. mál. FA skilaði umsögn um það frumvarp þann 1. nóvember 2013.

FA lýsir yfir stuðningi við frumvarpið og telur þá rýmkun á reglum um notkun þjóðfánans sem lögð er til geta auðveldað íslenskum fyrirtækjum markaðssetningu á vörum sínum og þjónustu. FA telur þó að ákvæði 3. m. a-liðar 2. gr. frumvarpsins um að vara skuli hafa verið framleidd hér á landi í a.m.k. 30 ár undir sama vörumerki til þess að teljast íslensk að uppruna sé of stíft m.a. með vísan til þess að vara hefur sjaldnast svo langan líftíma. Telur FA að heppilegra sé að miða við 10-15 ár.

Að öðru leyti mælir FA með samþykkt frumvarpsins en áskilur sér þó rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum. Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Inga Skarphéðinsdóttir lögfræðingur FA

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis
Bt. Kristjönu Benediktsdóttur
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 27. október 2015

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944, með síðari breytingum, (notkun fánans við markaðssetningu á vöru og þjónustu). Þingskjal 156 – 156. mál.

Íslandsstofa hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar og vill ítreka áður sendar umsagnir um sama mál eftirfarandi:

Löngu er orðið tímabært að endurskoða ofangreind lög. Íslandsstofa fagnar þessum tillögum og telur þær geti verið góð viðbót við það starf sem þegar er unnið við markaðssetningu íslenskra vara og þjónustu. Með þeim tillögum sem í frumvarpinu komar fram væri sérstaða íslenskra vara betur auðkennd og auðveldara ætti að vera að koma þeim á framfæri.

Íslandsstofa myndi gjarnan leggja til aðstoð við setningu reglugerðar þeirrar sem frumvarpið leggur til að sett verður.

Núgildandi reglur hafa sýnt sig að vera ekki í samræmi þarfir íslenskra fyrirtækja og hefur Íslandsstofa þurft að beita sér til að fá notkun fánans heimilaða á erlend samstarfsverkefni.

Íslandsstofa lýsir sig því samþykka efni frumvarpsins og hvetur enn og aftur til jákvæðrar afgreiðslu þess.

Virðingarfyllt



Jón Ásbergsson

framkvæmdastjóri



LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Alþingi
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. nóvember 2015

Tilvísun: 201510-1276 / 06.00

Efni: Umsögn lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um frumvarp til laga um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið (notkun fánans við markaðssetningu á vöru og þjónustu), 156. mál.

Það eru einkum tvö atriði sem lögregla hefur skoðun á; annars vegar að rýmka skuli heimildir til notkunar á íslenska þjóðfánanum og hins vegar að Neytendastofu verði falið eftirlit með allri notkun hans í stað þess að notkunin sé leyfisskyld eins og verið hefur skv. nógildandi lögum.

Það hafa af og til komið upp tilvik þar sem nota átti þjóðfánann með þeim hætti að ekki samrýmist lögum. Lögregla hefur þá gripið inn í og leiðbeint og komið í veg fyrir brot og upprætt ólöglegt ástand. Iðulega var um að kenna skorti á skilningi eða þekkingu á lögum og reglum. Það er því til bóta að skerpa þær reglur sem gilda um notkun fánans og ekki síður að hafa skýr úrræði og viðbrögð ef út af er brugðið.

Hið sama hefur gerst varðandi ríkisskjaldarmerkið; af og til er reynt að nota það þannig að samrýmist ekki lögum. Skjaldarmerkið hefur sést á alls kyns varningi og fatnaði þrátt fyrir skýrt ákvæði laga um að einungis stjórnvöldum sé heimil notkun þess. Til eru dæmi þess að lögregla hafi leitað álits annarra stjórnvalda án þess að fá viðhlítandi svör við því um hvort tiltekin notkun skjaldarmerkis teldist heimil eða ekki. Menn hafa jafnvel talið sig hafa leyfi stjórnvalda til notkunar á skjaldarmerkinu þó lög geymi ekki ákvæði sem heimila slíka leyfisveitingu.


Lögregla leggur því til að Neytendastofu verði jafnframt falið að fylgjast með notkun skjaldarmerkisins á sama hátt og þjóðfánans. Það eftirlit þarf að vera skilvirkt á sama hátt og eftirlit með notkun þjóðfánans þannig að einungis

þeir sem með réttu hafa heimild til að nota skjaldarmerkið geri það. Lögregla skorast ekki undan því að fylgjast með áfram og taka til rannsóknar þau tilvik sem þarfnast frekari rannsóknar.

Í núgildandi 8. grein laganna er fjallað um ágreining og úrskurðarvald ráðuneytis en að rannsókn fari að hætti sakamálalaganna. Rétt er að endurskoða þetta ákvæði samhliða því að eftirlitið og e.a. úrskurðarvaldið færist til Neytendastofu

Reynsla lögreglu er sú að oftast er ekki um að ræða fáfræði eða vanþekkingu á gildandi reglum og með leiðbeiningum og tiltali hefur tekist að afstýra brotum á fánalögum án þess að stofnað hafi verið til sakamáls.

Sjálfsgagt er að tryggja Neytendastofu heimildir og úrræði til að stöðva ólögsmæta notkun fána og skjaldarmerkis en einugis vísa málum til lögreglu ef önnur úrræði duga ekki eða menn hlíta ekki úrskurðum ráðuneytis og eða Neytendastofu.


Hörður Jóhannesson,
aðstoðarlögreglustjóri

Alþingi
stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd,
b/t Willum Þórs Þórssonar alþm.
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Selfoss, 25. nóvember 2015
Mast15110398

Efni: Athugasemd við frumvarp til laga um breytinga á lögum um þjóðfána - notkun fánans í merkingum

Sæll Willum Þór Þórsson.

Neytendastofa vakti nýlega athygli Matvælastofnunar á ofangreindu frumvarpi og að Matvælastofnun væri ekki á lista yfir skráða umsagnaraðila.

Matvælastofnun hefur farið yfir málið og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við þetta mál:

Samkv. núgildandi 4.mgr. 12.gr. laga um þjóðfána Íslendinga o.fl. nr. 34/1944 er óheimilt að selja eða bjóða til sölu vörur af erlendum uppruna ef á þær eða umbúðir þeirra hefur verið sett mynd af íslenska fánanum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breyttum reglum hvað þetta varðar. Að heimilt sé að nota hinn almenna þjóðfána í merki eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vöru eða þjónustu sé varan eða starfsemi sú sem í hlut á telst vera íslensk að uppruna og fánanum ekki óvirðing gerð.

Samkvæmt frumvarpinu telst vara íslensk að uppruna ef hún er framleidd hér á landi úr innlendu hráefni "að uppistöðu til."

Vara sem hefur verið framleidd hér á landi í a.m.k. 30 ár undir sama vörumerki telst jafnframt íslensk að uppruna þótt hún sé framleidd úr innfluttu hráefni að stórum hluta eða öllu leyti og sama gildir um matvöru sem er framleidd hér á landi samkvæmt íslenskri hefð.

Af þessu tilefni vill Matvælastofnun taka fram að samkv. 1. málsgr. 11.gr. laga um matvæli nr. 93/1995 er óheimilt að hafa matvæli á boðstólum eða dreifa þeim þannig að þau blekki kaupanda að því er varðar uppruna, tegund, gæðaflokkun, samsetningu, magn, eðli eða áhrif.

Í 4.gr. sömu laga er hugtakið framleiðsla eins og það er notað í lögnum skilgreint á eftirfarandi hátt:

Framleiðsla er meðferð hráefnis, vinnsla, pökkun og matreiðsla. Hér er einnig átt við húsnæði, störf, hreinlæti og heilbrigði starfsfólks og annað sem tengist framleiðslu, svo og efni og hluti sem geta komist í snertingu við matvæli, sbr. ákvæði IV. kafla laganna.

Spyrja má hvað þurfi til að vara teljist framleidd á Íslandi. Er pökkun nóg? En blöndun og pökkun? Eða skolun og pökkun?

Einnig er óljóst hvað orðin "að uppistöðu til" nákvæmlega merkja.

Benda má á að búið er að innleiða á Íslandi Evrópureglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda. Í 2. gr. þessarar reglugerðar sem er nr. 1169/2011/EB (ísl. rgl.1294/2014) er að finna eftirfarandi skilgreiningu á megininnihaldsefni í staflið q:

"megininnihaldsefni": eitt eða fleiri innihaldsefni í matvælum sem mynda meira en 50% af þeim matvælum eða sem neytendur tengja vanalega við heiti matvælna og sem venjulega þarf að gefa upp magnmerkingu fyrir.

Spyrja má einnig hvað orðin "Íslensk að uppruna" merkja nákvæmlega í frumvarpinu.

Ef það merkir upprunaland þá eru skilgreiningar í 2. gr. frumvarpsins að einhverju leyti í mótsögn við reglugerð ESB nr.2913/92.

Í 2.tölulið 2.gr. reglugerðar nr. 1169/2011/EB (um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda) segir:

g) "upprunastaður": hver sá staður sem tilgreint er að matvæli komi frá sem ekki er "upprunaland" eins og ákvarðað er í samræmi við 23-26.gr. reglugerðar (EBE) nr. 2913/92; nafn, firmaheiti eða heimilisfang stjórnanda matvælafyrirtækisins á merkimiðanum skal ekki teljast vera tilgreining á upprunalandi eða -stað matvæla í skilningi þessarar reglugerðar.

Athygli stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis er hér með vakin á þessu.

F.h. Matvælastofnunar

Einar Örn Thorlacius lögfr.

Nefndasvið Alþingis
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. nóvember 2015

Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944, með síðari breytingum (notkun fánans við markaðssetningu á vöru og þjónustu), 156. mál.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi, 144. löggjafarþingi (685. mál), og sendu Neytendasamtökin þá svohljóðandi umsögn:

„Neytendasamtökin fagna því að leitast sé við að eyða óvissu um hvenær vara telst vera „íslensk að uppruna“ og hafa áður kallað eftir því að settar verði reglur er þetta varðar og hugtakið skilgreint með skýrum hætti. Algengt er að íslenskir neytendur velji frekar vörur sem framleiddar eru hér á landi og hafa kannanir m.a. sýnt að þeir eru í mörgum tilvikum tilbúnir að greiða meira fyrir innlendar vörur heldur en sambærilegar vörur sem eru innfluttar. Hvort vara sé réttilega merkt sem íslensk að uppruna getur því verið mikið hagsmunamál fyrir neytendur og fyrirtæki. Til að tryggja að neytendur taki upplýsta ákvörðun er því mikilvægt að skýrt sé kveðið á um hvenær vara teljist vera íslensk að uppruna og að neytendur geti treyst því að þær upplýsingar séu réttar. Mikilvægt er að skilgreiningar og hugtakanotkun sé skýr og að mati Neytendasamtakanna eru sum skilyrði frumvarpsins nokkuð matskennd.

Að því sögðu gera Neytendasamtökin eftirfarandi athugasemdir við ofangreint frumvarp:

Um 2. málslíð a-liðar 2. gr. *Neytendasamtökin taka undir að vara skuli teljast íslensk að uppruna ef hún er framleidd hér á landi úr innlendu hráefni að uppistöðu til. Neytendasamtökin telja þó að skýra þurfi nánar við hvað sé átt við með hugtakinu „að uppistöðu til“.*

Um 3. málslíð a-liðar 2. gr. *Neytendasamtökin telja að rétt væri að skoða hvort aðrir möguleikar hentuðu betur en viðmið um framleiðslutíma. Þar mætti t.a.m. hafa til hliðsjónar hvort umbreyting vörunnar úr hráefni í neytendavöru byggi á íslensku vinnuafli og íslenskri orku ásamt því hvort að einhver virðisaukning eigi sér stað. Að mati samtakanna væri því hægt að breyta ákvæðinu á þá leið að vara*

teljist íslensk að uppruna ef viss virðisaukning hafi átt sér stað í framleiðslu hér á landi. Jafnframt er mikilvægt að skilgreina með skýrum hætti í lögnum hvað sé átt við með hugtakinu „framleiðsla“. Einnig verður hugtakið framleiðsla samkvæmt „íslenskri hefð“ að teljast nokkuð matskennt og þörf á að skilgreina það nánar.

Um 4. málslíð a-liðar 2. gr. Að mati samtakanna ætti ekki að telja hönnunarvöru, líkt og henni er lýst í frumvarpinu, sem íslenska að uppruna ef um er að ræða erlent hráefni og erlenda framleiðslu. Neytendasamtökin benda þó á að merkja mætti slíka hönnunarvöru fremur sem „íslenska hönnun“. Jafnframt virðist ákvæðið nokkuð víðtækt og matskennt, og gera má ráð fyrir að erfitt sé að hafa eftirlit með því.


Um 5. málslíð a-liðar 2. gr. Neytendasamtökin taka undir að hugverk teljist íslenskt að uppruna ef það er samið af íslenskum aðila.


Að lokum benda Neytendasamtökin á þann kost að samhliða merkingu með hinum almenna þjóðfána mætti einnig merkja að hvaða leyti vörur eru íslenskar, enda gætu slíkar merkingar verið til þess fallnar að forða ruglingi hjá neytendum. Hægt væri að hafa nokkra flokka merkinga sem skýra þá nákvæmlega hvað sé íslenskt við vöruna hverju sinni, t.a.m. vara framleidd á Íslandi úr erlendu hráefni, vara framleidd á Íslandi úr íslensku hráefni o.s.frv.

Að öðru leyti gera Neytendasamtökin ekki athugasemdir við framangreint frumvarp að svo stöddu.“

Neytendasamtökin vilja ítreka ofangreinda umsögn þar sem frumvarpið er nú lagt aftur fram í nánast óbreyttri mynd.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna


Jóhannes Gunnarsson, formaður


Ívar Halldórsson, lögfræðingur

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 05.11.2015
Tilv. 2015/0779 - 0.0.01
MS

Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldamerkið, 156. mál.

Vísað er til tölvubréfs nefndarsviðs Alþingis, dags. 22. október 2015, þar sem Neytendastofu var sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldamerkið, 156. mál.

Neytendastofa fagnar því að skýrari reglur er varða notkun þjóðfánans séu settar og heimild til notkunar hans í tilteknum tilvikum. Á grundvelli laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu berast Neytendastofu reglulega ábendingar eða kvartanir vegna villandi merkinga á vörum þar sem m.a. með þjóðfánanum eða tilvísun til hans sé með villandi hætti gefið til kynna að um íslenska vöru eða íslenska framleiðslu sé að ræða, þegar svo er ekki. Neytendastofa hefur tekið ákvarðanir í slíkum málum á grundvelli áðurgreindra laga. Þrátt fyrir að stofnunin hafi á grundvelli matskenndra ákvæða áðurnefndra laga tekið ákvarðanir um villandi merkingar að því er notkun þjóðfánans varðar þá telur hún til bóta, bæði fyrir aðila á markað og eftirlitið, að reglurnar séu skýrari. Þannig geta aðilar sem ætla að nota þjóðfánann til kynningar á vörum sínum kynnt sér í hvaða tilvikum það sé heimilt auk þess sem ætla má að virkt eftirlit sé með notkuninni verði skilvirkara.

Í 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins kemur fram að ráðherra sem fer með málefni neytendamála sé heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um skilyrði fyrir notkun fánans samkvæmt ákvæðinu. Neytendastofa telur eðlilegra að stofnuninni sjálfri sé gefin heimild til að gefa út reglur sé talin þörf á því. Byggir það meðal annars á því að á vegum innanríkisráðuneytisins er starfandi nefnd um upprunamerkingar á neytendavörum. Samkvæmt verkefnisáætlun er verkefnismarkmið nefndarinnar að gera tillögu til ráðherra um hvernig bregðast megi við notkun aðila á markaði á upprunamerkingum sem benda til að um íslenska vöru sé að ræða þegar svo sé ekki. Nefndin hefur ekki skilað tillögum en unnið er út frá því að gerðar verði þær breytingar á ákvæðum áðurnefndra laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, að Neytendastofu verði falin heimild til að setja nánari reglur er snúa að upprunamerkingum. Slíkar reglur yrðu nátengdar efni frumvarpsins sem hér er til umræðu og því eðlilegt að nánari útfærslur á framkvæmd laganna sé á höndum sama aðila í þessu tilviki Neytendastofu til að gæta samræmis.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu



Tryggvi Axelsson
Forstjóri



Þórunn Anna Árnadóttir
Sviðsstjóri

Reykjavík 4. nóvember 2015

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis,
Skrifstofu Alþingis, nefndasviði
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944 með síðari breytingum (notkun fánans við markaðssetningu á vörum og þjónustu).

Í framhaldi af tölvupósti, dagsettum 22. október sl., undirrituðum af Kristjönu Benediktsdóttur, þar sem óskað er eftir umsögn um mál nr. 156, frumvarp til laga um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið (notkun fánans við markaðssetningu á vörum og þjónustu) vill stjórn Sambands garðyrkjubænda **veita eftirfarandi umsögn:**

„Samband garðyrkjubænda áréttar það sem fram kemur í fyrri umsögnum að rétt og skynsamleg notkun þjóðfánans við kynningu á íslenskum vörum og þjónustu geti verið vel til þess fallin að styðja við innlenda framleiðslu og atvinnustarfsemi. Jafnframt vill Samband garðyrkjubænda koma eftirfarandi á framfæri:

Mikilvægt er að vanda mjög til verka þegar kemur að heimildum til notkunar þjóðfánans við kynningarstarfsemi. Virðingu gagnvart íslenska þjóðfánanum má hvergi setja niður við fyrirhugaðar breytingar. Neytendur verða að geta treyst því að uppruni vöru sem merkt er með þjóðfána Íslendinga sé örugglega íslenskur. Réttur neytenda er að taka kaupákvæðanir á grundvelli öruggra upplýsinga.

Nauðsynlegt er að skýra með nákvæmni hugtök er varða uppruna, innlend hráefni og heimildir til notkunar þjóðfánans við kynningu ólíkra vöruflokka. Samband garðyrkjubænda telur því algerlega nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að sett verði reglugerð er kveði skýrt á um framangreind atriði, líkt og fram kemur í 1. grein.

Í fyrirliggjandi frumvarpi er ekki að finna ákvæði er greina með hvaða hætti brugðist verði við ef notkun þjóðfánans fylgir ekki reglum þessum eða sneiðir með einhverjum hætti að virðingu þjóðfánans og/eða trausti neytenda. Misnotkun á þjóðfánanum við markaðs- og kynningarstarf getur haft alvarlegar afleiðingar á imynd

og afkomu allra þeirra er kenna vörur og þjónustu sína við þjóðfánann og merki sem byggja á litum hans, útliti og hugrenningartengslum við hann. Það er því einkar mikilvægt að skýrt verði í lögnum hverjum verði falið eftirlit með þeim og einnig að fyrir liggji ótvíræðar heimildir þess aðila til að beita þvingunarúrræðum gagnvart þeim sem brjóta ákvæði laganna eða þeirrar reglugerðar sem sett yrði.


Samband garðyrkjubænda hefur um árabíl kynnt og selt vörur félagsmanna undir skráðu vörumerki félagsins, fánaröndinni. Markvissar mælingar sýna að staða vörumerkisins í hugum íslenskra neytenda er sterk og virði vörumerkisins sem upprunamerkis fyrir góðar, íslenskar afurðir er mikið. Samband garðyrkjubænda hefur á umliðnum árum varið umtalsverðum fjármunum til að tryggja rétta meðferð vörumerkisins og koma í veg fyrir misnotkun þess. Misnotkun á þjóðfánanum við markaðssetningu vöru og þjónustu gæti valdið stórfelldum skaða á vörumerki Sambands garðyrkjubænda vegna þeirra líkinda sem vörumerkið hefur við þjóðfánann, með tilheyrandi afleiðingum á traust neytenda og virði vörumerkisins.

Samband garðyrkjubænda leggur því ríka áherslu á að notkun þjóðfánans við kynningu á vörum og þjónustu fari fram samkvæmt vönduðum og skýrum reglum svo tryggja megi áreiðanlegar upplýsingar til neytenda og virðingu íslenska fánans. Ekki verði heimiluð notkun þjóðfánans við kynningastarfsemi fyrr en framangreind atriði hafa verið tryggð með setningu reglugerðar“.

Fyrri umsögn Sambands garðyrkjubænda um málið má sjá á vefslóð Alþingis: <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=143&dbnr=310>

Þetta kunngerist hér með.

F.h. Sambands garðyrkjubænda



Katrín María Andrésdóttir
Framkvæmdastjóri,
Bændahöllinni við Hagatorg
107 Reykjavík.
Sími 563 0328

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/310
komudagur 21.11.2013

Reykjavík 21. nóvember 2013

Þingskjal 13, mál nr. 13 – breyting á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisiskjaldarmerkið nr. 34/1944 með síðari breytingum

Samband garðyrkjubænda styður megin innihald frumvarpsins og telur það geta aukið innlenda framleiðslu og aukið atvinnu. Samband garðyrkjubænda vill þó koma eftirfarandi skoðun og varnaðarorðum á framfæri:

SG leggst gegn því að vörur sem fluttar eru inn til landsins og eitthvað unnið við þær séu síðan markaðssettar sem íslensk vara. Dæmi: Ef flutt er inn til landsins 1000 lítrar af vatni, 2 lítra flaska er blásin í ónefndri átöppunarstöð hér á landi og vatninu tappað á flöskurnar. Telst varan (vatnið) íslensk?

Þó svo að virðisauki skapist við að blása flöskuna og tappa á þá er ljóst að varan getur ekki verið íslensk. Ef gengist er inn á slíkt er verið að gjaldfella íslenska framleiðsluvöru. Í hugum garðyrkjubænda er mikilvægt að neytendur geti tekið upplýsta ákvörðun um hvort þeir vilji innlenda eða innflutta vöru. Oft hafa komið upp mál þar sem ekki er á hreinu hvort grænmeti er íslenskt þrátt fyrir að reglugerð segir til um að grænmeti skal upprunamerkja. Þá verður að gera kröfu til merkingar vörunnar að hún sé rétt.

Samband garðyrkjubænda skrásetti vörumerki garðyrkjunnar, fánaröndina svokallaða sem sjá má í haus þessa bréfsefnis, þann 3. október 2003. Neytendur vita hver skilaboð hennar eru nefnilega fresk, holl og íslensk vara. Í vörumerkjakönnunum sem SG hefur látið gera kemur í ljós að vörumerkið er í topp 15, af 150 vörumerkjum, yfir sterkasta vörumerkið. SG hefur þurft að verja vörumerkið m.a. með lögsókn sem endaði fyrir Hæstarétti og vannst málið þar fullkomlega.

Samandregið: Garðyrkjubændur styðja notkun fána Íslands við upprunamerkingar á framleiðsluvöru en krefjast jafnframt þess að varan sé þá íslensk. Það er hluti af neytendavernd að neytendur geti tekið upplýsta ákvörðun um kaup á innlendri eða innfluttri vöru með upprunamerkingu á vöru það sem verið er að selja. Undirritaður lýsir sig reiðubúinn að mæta á fund nefndarinnar og ræða þessi mál nánar.

F. h. Sambands garðyrkjubænda

Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 22. október 2015

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og rikisskjaldarmerkið, nr. 34/1944 með síðari breytingum (notkun fánans við markaðssetningu á vöru og þjónustu).

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp. Með frumvarpinu er lagt til að rýmkaðar verði heimildir til notkunar á íslenska þjóðfánanum við markaðssetningu á vöru og þjónustu sem er íslensk að uppruna.

Samtökin lýsa yfir stuðningi við frumvarpið og telja að ákvæði þess geti auðveldað íslenskum fyrirtækjum markaðssetningu á sínum vörum. Samtökin telja þó að ákvæði 2 gr. frumvarpsins um að vara skuli hafa verið framleidd hér á landi í 30 ár undir sama vörumerki til að fá að nota þjóðfánann í vörumerki sé of stíft. Nær lagi sé að miða við 10-15 ár.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Halldór Árnason



Minnisblað

Efni: Frumvarp til breytinga á lögum þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið (156. mál)
Dags.: 1. febrúar 2016
Til: Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis
Frá: Samtökum iðnaðarins

Frumvarp til breytinga á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið nr. 34/1944, sem veitir rýmri heimildir til notkunar á íslenska fánanum við markaðssetningu á vöru eða þjónustu, liggur nú fyrir Alþingi. Samtök iðnaðarins hafa lengi hvatt til þess að reglur yrðu rýmkaðar að þessu leyti en telja að ýmsir ágallar séu á því frumvarpi sem nú liggur fyrir. Mikilvægast er að notkun fánans veiti neytendum skýrar og gangsæjar upplýsingar um uppruna og takmarki ekki um of möguleika íslenskrar framleiðslu til að geta um uppruna sinn með þeim hætti. Helstu áhyggjuefni SI við fyrirliggjandi frumvarp eru eftirfarandi:

- Vörur sem framleiddar eru á Íslandi úr innfluttum hráefnum þarf að vera hægt að merkja með fánanum, að því tilskildu að nægilegur hluti virðisaukningar verði til í landinu. Nú þegar eru til reglur sem taka tillit til slíkrar virðisaukningar við mat á uppruna vöru, sbr. II. viðauki við bókun 4 með EES-samningnum.
- Þegar um er að ræða landbúnaðarhráefni, sem framleidd eru á Íslandi, gera neytendur í vaxandi mæli kröfu um að uppruna þeirra sé getið í merkingum. Sjá í því skyni bæklinginn „Frá hvaða landi kemur maturinn?“ sem inniheldur leiðbeiningar til neytenda, matvælaframleiðenda, verslana og veitingastaða um upprunamerkingar matvæla. Hætta er á að neytendur muni álita það villandi að vörur framleiddar úr innfluttum landbúnaðarhráefnum (kjöti, mjólk, grænmeti) beri íslenska fánann.
- Gera þarf greinarmun á vöru sem er hönnuð á Íslandi undir íslensku vörumerki og annars vegar framleidd á Íslandi og hins vegar erlendis. SI gera ekki athugasemd við að hvoru tveggja megi merkja með fánanum en telja að jafnframt þurfi að koma fram í merkingu hvar varan er framleidd, þ.e.a.s framleidd á Íslandi eða framleidd í Kína (Made in Iceland eða Made in China). Er slíkt til þess fallið að veita betri upplýsingar til neytenda.

Í ljósi ofangreinds leggja SI til að skilgreining á íslenskri vöru í lögnum verði svohljóðandi:

Vara telst íslensk ef hún er:

- framleidd hér á landi úr innlendu hráefni að uppistöðu til,
- framleidd hér á landi, þótt hún sé framleidd úr innfluttu hráefni að stórum hluta eða öllu leyti, **hafi hún hlotið nægilega aðvinnslu hérlendis og ekki sé um að ræða hráefni sem er eðlislíkt innlendu landbúnaðarhráefni sem telst hafa séríslenskan uppruna, einkenni eða eiginleika.**

Hönnunarvara telst íslensk ef hún er hönnuð af íslenskum aðila undir íslensku vörumerki þótt hún sé framleidd erlendis úr erlendu hráefni, enda sé ekki um að ræða hráefni sem er eðlislíkt innlendu hráefni sem telst hafa séríslenskan uppruna, einkenni eða eiginleika. **Jafnframt skal koma fram framleiðsluland vörunnar.**

Hugverk telst íslenskt ef það er samið eða skapað af íslenskum aðila.



Nefndasvið Alþingis
b.t. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 5. nóvember 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944, með síðari breytingum (notkun fánans við markaðssetningu á vöru og þjónustu), 156. mál.

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 37/1944, með síðari breytingum (notkun, fánans við markaðssetningu á vöru og þjónustu), sbr. þingskjal nr. 156. Samtök iðnaðarins (SI) fagna því markmiði frumvarpsins að rýmka heimildir til notkunar á íslenska þjóðfánanum við markaðssetningu á vöru og þjónustu.

Í ljósi þess að notkun á íslenska fánanum er í eðli sínu upprunamerking þá telja Samtök iðnaðarins mikilvægt að áréttu þá afstöðu sína að við upprunamerkingu á vöru eða þjónustu eigi að miða við viðurkenndar reglur um uppruna. Skilgreining uppruna á annan hátt flækir regluverk og veldur misskilningi hjá neytendum. Í því samhengi telja SI mikilvægt að fyrirtæki greini rétt frá að hvaða leyti vara er íslensk og að reglur sem um uppruna gilda séu einfaldar og skilvirkar.

Því leggja SI til að almenna reglan verði sú að vara teljist íslensk að uppruna ef hún uppfyllir skilyrði EES um uppruna en að það verði tekið skýrt fram ef víkja eigi frá þeim reglum, annað hvort til að rýmka þær (t.d. fyrir hönnunarvöru) eða herða (t.d. fyrir vörur framleiddar úr landbúnaðarhráefnum sem framleiddar eru á Íslandi). Jafnframt verði gerð sú krafa, ætli fyrirtæki að nýta sér íslenska fánann við markaðssetningu á vöru sinni, að á umbúðum vöru komi fram að hvaða leyti hún er íslensk. Sem dæmi má nefna í tilviki íslenskrar hönnunarvöru komi fram „Íslensk hönnun“ og þess einnig getið hvar varan er framleidd og í tilviki íslenskrar framleiðsluvöru komi fram „Framleitt á Íslandi.“

Mikilvægt er að veitt sé nægjanlegt svigrúm til notkunar á fánanum fyrir framleiðendur íslenskra matvara sem alfarið eru framleiddar úr erlendum hráefnum, m.a. sökum þess að samsvarandi íslensk hráefni eru ekki fáanleg. Dæmi um þetta er m.a. íslenskt sælgæti, brauð, kex, kökur og fleira, sem eru alíslenskt í hugum neytenda og eiga í harðri samkeppni við innfluttar vörur. Þessar vörur væru alla jafna taldar upprunnar héraðs samkvæmt viðurkenndum reglum um uppruna en uppfylltu ekki skilyrði fyrirbyggjandi frumvarps að geta borið íslenska fánann – það er ótækt.

Jafnframt sjá SI engin rök fyrir því að hafa sérstaka reglu um að vara skapi sér hefð til að teljast íslensk, hafi hún verið hér á markaði í tiltekinn tíma. Það er einungis til þess fallið að vinna gegn eðlilegri vöruþróun sem verður að eiga sér stað, sér í lagi þar sem líftími vöru, ekki síst matvöru, á markaði er almennt takmarkaður.



Samtök iðnaðarins taka heils hugar undir að forsenda fyrir notkun íslenska fánans við markaðssetningu sé að það sé ekki gert á röngum forsendum eða á villandi máta. Það er þó jafnframt mat samtakanna að reglurnar um notkun fánans eigi að vera skýrar og í samræmi við það regluverk sem nú þegar er fyrir hendi, m.a. á sviði Evrópuréttar. Er það til þess fallið að skapa skýrari forsendur fyrir notkun fánans við markaðssetningu sem er bæði til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Ragnheiður Héðinsdóttir

Ragnheiður Héðinsdóttir,
Forstöðumaður matvælasviðs

Björg A. Þórdardóttir

Björg Ásta Þórdardóttir,
lögfræðingur